

# Fjölskylduhjálpi Íslands

Könnun á samsetningu hópsins sem þáði matarúthlutun á tímabilinu  
1. júní 2010 til 31. maí 2011

September 2011



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Stofnendur Fjölskylduhjálpar Íslands, 2003



Sitjandi frá vinstri: *Anna Auðunsdóttir* stjórnarkona, *Guðrún Magnúsdóttir* (þáverandi) varaformaður og *Ragna Rósantsdóttir* stjórnarkona.  
Standandi frá vinstri: *Guðbjörg Pétursdóttir* (þáverandi) fjármálastjóri og *Ásgerður Jóna Flosadóttir* formaður.

## Stjórn Fjölskylduhjálpar Íslands



**Ásgerður Jóna Flosadóttir**  
*Formaður*  
*MBA viðskiptafræði, Háskóli Íslands*  
*BA stjórn málafræði og fjölmiðlafræði, Háskóli Íslands*



**Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir**  
*Varaformaður*  
*BA uppeldis- og menntunarfræði, Linköping University, Svíþjóð*  
*Kennsluréttindi fyrir grunn- og framhaldsskóla, Háskólinn á Akureyri*



**Matthías Imsland**  
*Verndari*  
*BA stjórn málafræði, Háskóli Íslands*



**Guðrún Margrét Þrastardóttir**  
*Fjármálastjóri*



**Guðrún Magnúsdóttir**  
*Stjórnarkona*



**Ragna Rósantsdóttir**  
*Stjórnarkona*



**Ásta Katrín Vilhjálmisdóttir**  
*Stjórnarkona*



### Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Fjölskylduhjálpi Íslands
Markmið rannsóknar	Fjölskylduhjálpi skráði allar heimsóknir þeirra sem fengu mataraðstoð á tímabilinu 1. júní 2010 til 31. maí 2011. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands lýsti lýðfræðilegri samsetningu hópsins.
Dagsetning skýrsluskila	22. september 2011

### Ábyrgðaraðilar

Undirbúningur og gagnaöflun	Fjölskylduhjálpi Íslands
Úrvinnsla	Vala Jónsdóttir verkefnisstjóri, Félagsvísindastofnun HÍ
Skýrslugerð	Vala Jónsdóttir verkefnisstjóri, Félagsvísindastofnun HÍ



## EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>Úrvinnsla</b> .....	<b>7</b>
<b>Helstu niðurstöður</b> .....	<b>8</b>
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>12</b>
<b>Bakgrunnsgreining</b> .....	<b>17</b>
<i>Samsetning hópsins eftir kyni og aldri</i> .....	<i>17</i>
<i>Samsetning hópsins eftir ríkisfangi og búsetu</i> .....	<i>20</i>
<i>Samsetning hópsins eftir menntun, stöðu á vinnumarkaði og örorku</i> .....	<i>24</i>
<i>Samsetning hópsins eftir húsnæði og fjölskylduhögum</i> .....	<i>30</i>

## INNGANGUR

Fjölskylduhjálpi Íslands skráði allar heimsóknir þeirra sem þáðu mataraðstoð á tímabilinu 1. júní 2010 til 31. maí 2011. Fólk var beðið um nafn og kennitölu við komu og upplýsingar um kyn, aldur, ríkisfang, búsetu, fjölda barna á heimili og hjúskaparstöðu voru þá sjálfkrafa færðar inn rafrænt í gegnum Þjóðskrá. Upplýsingar um menntun, húsnæði, stöðu á atvinnumarkaði og hvort um var að ræða öryrkja eða ekki voru færðar inn af starfsfólki Fjölskylduhjálpar.

Félagsvísindastofnun HÍ tók að sér að beiðni Fjölskylduhjálpar að lýsa þeim hópi sem leitar sér mataraðstoðar hjá Fjölskylduhjálpi með það að markmiði að kortleggja lýðfræðilega samsetningu hópsins. Mögulegt var að vinna úr gögnunum út frá einstaklingum í stað fjölda matarúthlutana í heild, þar sem hver og einn var skráður með handahófskennt númer sambærilegt kennitölu. Einstaklingar voru flokkaðir með sama hætti og þeir voru skráður í kerfinu í síðustu heimsókn sinni til Fjölskylduhjálpar með tilliti til bakgrunnspátta.


## ÚRVINNSLA

Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Fyrst eru birtar tíðnitöflur og súlurit sem sýna hlutföll og fjölda þeirra sem leituðu sér mataraðstoðar hjá Fjölskylduhjálpi á fyrrgreindu tímabili. Þar á eftir eru bakgrunnstöflur þar sem hver bakgrunnspáttur er greindur eftir kyni, aldri, ríkisfangi, búsetu, menntun, stöðu á atvinnumarkaði, hvort um er að ræða öryrkja eða ekki, húsnæði, hjúskaparstöðu og fjölda barna. Hjá sumum vantar tiltekna upplýsingar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja greiningu.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópnum sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar hjá öðrum sem leita til Fjölskylduhjálpar eftir mataraðstoð. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ).

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR


- Fjölskylduhjálpi Íslands skráði allar heimsóknir þeirra sem fengu mataraðstoð á tímabilinu 1. júní 2010 til 31. maí 2011.
- Alls var 23784 matargjöfum úthlutað til 3562 einstaklinga og fjölskyldum þeirra á því tímabili.
- Samtals voru þeir 1399 sem áttu börn með 2482 börn á heimilum sínum.
- Rúmur helmingur hópsins var konur, eða 55%. Kynjaskiptingin varð jafnari með hækkandi aldri (sjá mynd 1).



**Mynd 1. Kynjaskipting eftir aldri**


- Þeir sem þáðu mataraðstoð voru á aldrinum 18 ára til 86 ára. Meðalaldur var 40,4 ár.
- Flestir þeirra sem fengu mataraðstoð voru með íslenskt ríkisfang, eða 68%. Fimmtungur var með pólskt ríkisfang og um 12% með annað erlent ríkisfang. Hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu erlent ríkisfang voru karlar (sjá mynd 2).






**Mynd 2. Ríkisfang eftir kyni**

- Meirihluti hópsins var með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, eða 77%. Þar af bjuggu flestir í Miðbæ, Hlíðum, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi (21%) og í Breiðholti (20%). Tæpur fjórðungur hópsins var búsettur á landsbyggðinni, 18% í Reykjanesbæ.
- Tuttugu og þrjár einstaklingar sem fengu mataraðstoð voru heimilislausir.
- Flestir, eða 86%, höfðu lokið grunnskólaprófi eða minni menntun. Íbúar landsbyggðar og Reykjanesbæjar höfðu síst lokið námi umfram grunnskólapróf.
- Mikill meirihluti hópsins var utan vinnumarkaðar, eða 93%. Konur, þeir sem bjuggu í eigin húsnæði og þeir sem voru með barn/börn á heimili sínu voru frekar á vinnumarkaði en aðrir.
- Þriðjungur hópsins var með skráða örorku. Eins og sjá má í mynd 3 voru öryrkjar frekar með íslenskt ríkisfang en erlent og voru konur frekar öryrkjar en karlar. Öryrkjar bjuggu síður í leiguhúsnæði.



**Mynd 3. Örorka eftir kyni og ríkisfangi**

- Um 78% bjuggu í leiguhúsnæði og 14% í eigin húsnæði. Fremur lítill hluti, eða 5% bjó í félagslegu húsnæði og 3% völdu valmöguleikann *annað*. Konur bjuggu frekar í eigin húsnæði (17%) heldur en karlar (11%). Þeir sem voru eldri, þeir sem höfðu lokið hærra menntunarstigi og þeir sem voru á vinnumarkaði bjuggu í eigin húsnæði heldur en aðrir.
- Um helmingur þeirra sem fengu mataraðstoð voru ógift/ókvæntir, fjórðungur í hjónabandi, 28% höfðu skilið við maka sinn og 3% voru ekkjur/ekklar. Tveir þriðju þeirra sem voru með pólskt ríkisfang og yfir helmingur þeirra sem voru með annað erlent ríkisfang höfðu gengið í hjónaband, samanborið við 15% þeirra sem voru með íslenskt ríkisfang.
- Sex af hverjum tíu var ekki með barn/börn á heimili sínu. Konur voru frekar með börn á heimili sínu heldur en karlar (sjá mynd 4). Þeir sem höfðu lokið háskólanámi voru frekar með börn á heimili sínu og einnig þeir sem voru á vinnumarkaði



**Mynd 4. Fjöldi barna eftir kyni**

## NIÐURSTÖÐUR

Fjöldi matarúthlutana á ofangreindu tímabili var alls 23784 sem skiptist niður á 3562 einstaklinga og fjölskyldur þeirra, en alls var hópurinn skráður með 2482 börn á heimilum sínum. Fólk leitaði að meðaltali 6,7 sinnum til Fjölskylduhjálpar eftir mataraðstoð. Tæpur þriðjungur kom einu sinni, 28% tvisvar til fjórum sinnum, tæpur fimmtungur fimm til níu sinnum og fjórðungur hópsins leitaði tíu sinnum eða oftár til Fjölskylduhjálpar eftir mataraðstoð (sjá töflu 1). Tæp 3% hópsins komu þrjátíu sinnum eða oftár.

**Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda heimsóknna þeirra sem leituðu sér mataraðstoðar**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ein heimsókn	1050	29,5%	1,5%	29,5%
Tvær til fjórar heimsóknir	988	27,7%	1,5%	27,7%
Fimm til níu heimsóknir	675	19,0%	1,3%	19,0%
Tíu til fjórtán heimsóknir	352	9,9%	1,0%	9,9%
Fimmtán til nítján heimsóknir	212	6,0%	0,8%	6,0%
Tuttugu heimsóknir eða fleiri	285	8,0%	0,9%	8,0%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>			

Kynjahlutfall hópsins sem þáði mataraðstoð á þessu tímabili skiptist nokkuð jafnt, eða 45% karlar og 55% konur (sjá töflu 2). Fólk á öllum aldri leitaði til Fjölskylduhjálpar á þessu tímabili. Flestir voru á aldursbilinu 18-29 ára (26%) og 30-39 ára (26%) (sjá töflu 3). Fimmtán drengir/stúlkur voru undir 18 ára aldri, en voru þau ekki höfð með í greiningum. Yngsti aðilinn var því 18 ára og sá elsti 86 ára, meðalaldur var 40,4 ár.

**Tafla 2. Kyn**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Karl	1619	45,45%	1,6%	45,45%
Kona	1943	54,55%	1,6%	54,55%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		

**Tafla 3. Aldur**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
18-29 ára	911	25,6%	1,4%	25,6%
30-39 ára	927	26,0%	1,4%	26,0%
40-49 ára	769	21,6%	1,4%	21,6%
50-59 ára	629	17,7%	1,3%	17,7%
60-69 ára	234	6,6%	0,8%	6,6%
70 ára eða eldri	92	2,6%	0,5%	2,6%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		

Flestir þeirra sem fengu mataraðstoð voru með íslenskt ríkisfang, eða 68%. Tæpur þriðjungur hópsins var með erlent ríkisfang og þar af voru flestir með pólskt ríkisfang (sjá töflu 4). Ekki var skráð ríkisfang hjá 894 aðilum sem þáðu matarúthlutun á þessu tímabili sem skýrist af galla í tölvukerfi Fjölskylduhjálpar. Ríkisföng voru ekki skráð nema í undantekningartilfellum fyrr en 22. desember 2010, þegar kerfið komst í lag. Ríkisföng allra voru skráð eftir þann tíma.

**Tafla 4. Ríkisfang**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Íslenskt ríkisfang	1824	68,4%	1,8%	68,4%
Pólskt ríkisfang	537	20,1%	1,5%	20,1%
Annað erlent ríkisfang	307	11,5%	1,2%	11,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2668</b>	<b>100%</b>		
Ekki vitað	894			
<b>Alls</b>	<b>3562</b>			

Hópurinn var flokkaður saman í landsbyggð, Reykjanesbæ og hverfi höfuðborgarinnar og nágrennis þar sem skipting svæðisins eftir þjónustumiðstöðvum var notuð sem viðmiðun. Þar sem hluti Vesturbæjar tilheyrir þjónustumiðstöð Miðbæjar og Hlíða, voru þau hverfi sameinuð. Vegna fárra einstaklinga á Seltjarnarnesi voru þeir settir í flokk með Miðbæ, Hlíðum og Vesturbæ. Þeir sem bjuggu í Mosfellsbæ voru flokkaðir með Grafarvogi og Kjalarnesi af sömu ástæðu. Þeir sem áttu lögheimili í Garðabæ, Hafnafirði og á Álftanesi voru flokkaðir saman.

Flestir voru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, eða 77%. Tæplega fjórðungur hópsins var búsettur á landsbyggðinni, 18% í Reykjanesbæ. Þeir 23 aðilar sem voru ekki með skráð póstnúmer voru heimilislausir.

**Tafla 5. Búseta**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltnarnarnes	756	21,4%	1,4%	21,4%
Breiðholt	691	19,5%	1,3%	19,5%
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	328	9,3%	1,0%	9,3%
Kópavogur	298	8,4%	0,9%	8,4%
Háaleiti og Bústaðir	255	7,2%	0,9%	7,2%
Árbær og Grafarholt	221	6,2%	0,8%	6,2%
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	189	5,3%	0,7%	5,3%
Reykjanesbær	620	17,5%	1,3%	17,5%
Landsbyggð	181	5,1%	0,7%	5,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>3539</b>	<b>100%</b>		
Ekki vitað	23			
<b>Alls</b>	<b>3562</b>			

Mikill meirihluti hópsins, eða 86%, hafði lokið grunnskólaprófi eða minna. Lítil hluti (2%) hafði lokið námi á háskólastigi (sjá töflu 6).

**Tafla 6. Menntun**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	3047	85,5%	1,2%	85,5%
Nám á framhaldsskólastigi	437	12,3%	1,1%	12,3%
Nám á háskólastigi	78	2,2%	0,5%	2,2%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		

Flestir sem leituðu til Fjölskylduhjálpar eftir mataraðstoð voru utan vinnumarkaðar, eða 93%. Til þeirra sem eru utan vinnumarkaðar teljast þeir sem eru í atvinnuleit, ellilífeyrisþegar, öryrkjar og aðrir sem eru ekki á vinnumarkaði af öðrum ástæðum (sjá töflu 7). Þriðjungur hópsins voru öryrkjar (sjá töflu 8).

**Tafla 7. Staða á vinnumarkaði**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Á vinnumarkaði	247	6,9%	0,8%	6,9%
Utan vinnumarkaðar	3315	93,1%	0,8%	93,1%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		

**Tafla 8. Hlutfall öryrkja**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Öryrki	1167	32,8%	1,5%	32,8%
Ekki öryrki	2395	67,2%	1,5%	67,2%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		

Meirihluti hópsins bjó í leiguhúsnæði (78%), en 14% bjuggu í eigin húsnæði (sjá töflu 9). Í flokknum *annað* eru meðal annars þeir sem búa í foreldrahúsum og þeir sem vilja ekki gefa upp búsetu sína.

**Tafla 9. Húsnæði**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Leiguhúsnæði	2774	77,9%	1,4%	77,9%
Eigið húsnæði	513	14,4%	1,2%	14,4%
Félagslegt húsnæði	178	5,0%	0,7%	5,0%
Annað	97	2,7%	0,5%	2,7%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		

Um 46% hópsins var ekki í hjónabandi og 28% höfðu skilið við maka sinn. Þeir sem tilheyrðu flokknum skilin/n voru bæði þeir sem höfðu skilið að borði og sæng og þeir sem höfðu skilið að lögum. Í hópi þeirra sem voru í hjónabandi eru einnig hjón sem eru ekki í samvistum. Þeir sem eru í skráðri sambúð, í sambandi eða eru einhleypir tilheyra flokknum ógift/ókvæntur (sjá töflu 10), svo ekki er hægt að greina á milli þeirra sem eru einhleypir og þeirra sem eru í sambúð.

**Tafla 10. Hjúskaparstaða**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ógift/ókvæntur	1346	45,5%	1,8%	45,5%
Gift/kvæntur	690	23,3%	1,5%	23,3%
Skilin/n	832	28,1%	1,6%	28,1%
Ekkja/ekkill	92	3,1%	0,6%	3,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2960</b>	<b>100%</b>		
Ekki vitað	602			
<b>Alls</b>	<b>3562</b>			

Um 61% þeirra sem leituðu sér mataraðstoðar voru ekki með barn/börn á heimili sínu. Fimmtungur var með eitt barn á heimili sínu og fimmtungur með tvö börn eða fleiri (sjá töflu 11). Samtals voru þeir 1399 sem áttu börn með 2482 börn á heimilum sínum.

**Tafla 11. Fjöldi barna á heimili**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Engin börn á heimili	2163	60,7%	1,6%	60,7%
Eitt barn	675	19,0%	1,3%	19,0%
Tvö börn	459	12,9%	1,1%	12,9%
Þrjú börn eða fleiri	265	7,4%	0,9%	7,4%
<b>Alls</b>	<b>3562</b>	<b>100%</b>		



## BAKGRUNNSGREINING

### Samsetning hópsins eftir kyni og aldri

Rúmur helmingur hópsins var konur, eða 55%. Kynjaskipting varð jafnari með hærri aldri. Hærra hlutfall þeirra sem voru með erlent ríkisfang voru karlar. Þannig voru rúm 60% þeirra sem höfðu pólskt ríkisfang karlar og 56% þeirra sem höfðu annað erlent ríkisfang. Hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu lokið hærri menntunarstigi voru konur og voru þær frekar á vinnumarkaði heldur en karlar. Konur voru í meirihluta öryrkja, en 62% öryrkja voru konur og 38% karlar. Konur bjuggu oftari í eigin húsnæði heldur en karlar og voru frekar með barn/börn á heimili sínu (sjá töflu 12).

**Tafla 12. Kynjaskipting – bakgrunnsgreining**

	Karl	Kona	Fjöldi
<b>Heild</b>	45%	55%	3562
<b>Aldur ***</b>			
18-29 ára	41%	59%	911
30-39 ára	43%	57%	927
40-49 ára	46%	54%	769
50-59 ára	53%	47%	629
60-69 ára	48%	52%	234
70 ára og eldri	55%	45%	92
<b>Ríkisfang ***</b>			
Íslenskt	40%	60%	1824
Pólskt	61%	39%	537
Annað	56%	44%	307
<b>Búseta ***</b>			
Háaleiti og Bústaðir	44%	56%	255
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seljarnarnes	57%	43%	756
Breiðholt	41%	59%	691
Árbær og Grafarholt	40%	60%	221
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	39%	61%	189
Kópavogur	48%	52%	298
Garðabær, Hafnarfjörður og Álfarnes	39%	61%	328
Reykjanesbær	43%	57%	620
Landsbyggð	42%	58%	181

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Tafla 12, frh. Kynjaskipting - bakgrunnsgreining

	Karl	Kona	Fjöldi
<b>Menntun</b>			
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	45%	55%	3047
Nám á framhaldsskólastigi	48%	52%	437
Nám á háskólastigi	36%	64%	78
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>			
Á vinnumarkaði	25%	75%	247
Utan vinnumarkaðar	47%	53%	3315
<b>Skráður öryrki ***</b>			
Öryrki	38%	62%	1167
EKKI öryrki	49%	51%	2395
<b>Húsnæði ***</b>			
Eigið húsnæði	36%	64%	513
Leiguhúsnæði á almennum markaði	48%	52%	2774
Félagslegt húsnæði	51%	49%	178
Annað	24%	76%	97
<b>Hjúskaparstaða ***</b>			
Ógift/ókvæntur	42%	58%	1346
Gift/kvæntur	44%	56%	690
Skilin/n	34%	66%	832
Ekkja/ekkill	26%	74%	92
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>			
Engin börn á heimili	62%	38%	2163
Eitt barn	21%	79%	675
Tvö börn	21%	79%	459
Þrjú börn eða fleiri	18%	82%	265

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Meðalaldur þeirra sem fengu mataraðstoð var 40,4 ár. Meðalaldur örykja var 47 ár, en meðalaldur þeirra sem voru ekki skráðir öryrkjar var 37 ár. Meðalaldur þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði var hærrí (47 ár) en hjá þeim sem bjuggu í leiguhúsnæði, félagslegu húsnæði eða annars staðar (39-41 ár) (sjá töflu 13).

Tafla 13. Aldur – bakgrunnsgreining

	18-29 ára	30-39 ára	40-49 ára	50-59 ára	60-69 ára	70 ára og eldri	Fjöldi	Meðalaldur
<b>Heild</b>	26%	26%	22%	18%	7%	3%	3562	40,4
<b>Kyn ***</b>								
Karl	23%	24%	22%	21%	7%	3%	1619	41,8
Kona	28%	27%	21%	15%	6%	2%	1943	39,2
<b>Ríkisfang ***</b>								
Íslenskt	22%	23%	23%	20%	9%	4%	1824	42,3
Pólskt	31%	32%	17%	18%	2%	0%	537	37,4
Annað	27%	31%	27%	11%	4%	0%	307	38,0
<b>Búseta ***</b>								
Háaleiti og Bústaðir	22%	28%	18%	20%	7%	5%	255	42,3
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	21%	24%	22%	21%	8%	4%	756	42,5
Breiðholt	24%	29%	20%	18%	6%	2%	691	40,4
Árbær og Grafarholt	23%	25%	24%	16%	10%	2%	221	41,2
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	31%	20%	24%	17%	7%	1%	189	39,4
Kópavogur	27%	23%	28%	14%	7%	1%	298	39,7
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	32%	26%	23%	14%	3%	2%	328	37,7
Reykjanesbær	31%	26%	18%	17%	6%	3%	620	39,2
Landsbyggð	25%	33%	19%	15%	5%	3%	181	39,0
<b>Menntun *</b>								
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	26%	26%	21%	18%	7%	3%	3047	40,5
Nám á framhaldsskólastigi	27%	28%	21%	19%	4%	1%	437	39,3
Nám á háskólastigi	17%	32%	29%	14%	8%	0%	78	40,9
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>								
Á vinnumarkaði	33%	32%	25%	8%	2%	0%	247	35,8
Utan vinnumarkaðar	25%	26%	21%	18%	7%	3%	3315	40,7
<b>Skráður öryrki ***</b>								
Öryrki	8%	20%	27%	28%	13%	4%	1167	47,3
EKKI öryrki	34%	29%	19%	12%	4%	2%	2395	37,0
<b>Húsnæði ***</b>								
Eigið húsnæði	11%	22%	24%	23%	12%	8%	513	47,2
Leiguhúsnæði	28%	28%	21%	16%	6%	2%	2774	39,1
Félaglegt húsnæði	32%	12%	26%	20%	7%	3%	178	40,7
Annað	25%	26%	23%	19%	7%	1%	97	40,9
<b>Hjúskaparstaða ***</b>								
Ógift/ókvæntur	42%	27%	18%	10%	3%	1%	1346	34,5
Gift/kvæntur	19%	37%	21%	15%	6%	3%	690	40,5
Skilin/n	5%	19%	28%	29%	14%	4%	832	48,3
Ekkja/ekkill	3%	7%	10%	29%	23%	28%	92	60,1
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>								
Engin börn á heimili	23%	17%	21%	24%	10%	4%	2163	45%
Eitt barn	38%	29%	22%	10%	1%	0%	675	45%
Tvö börn	23%	47%	25%	5%	0%	0%	459	35,6
Þrjú börn eða fleiri	20%	55%	20%	4%	0%	0%	265	35,5

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

0 20 40 60 80

## Samsetning hópsins eftir ríkisfangi og búsetu

Tæplega 70% hópsins var með íslenskt ríkisfang. Hlutfall þeirra sem voru með íslenskt ríkisfang jókst með hærrí aldri. Um 97% þeirra sem voru yfir 70 ára voru með íslenskt ríkisfang samanborið við 62% þeirra sem voru á aldrinum 18-29 ára. Þegar ríkisfang var skoðað út frá búsetu, kom í ljós að innan við 60% þeirra sem bjuggu í Miðbæ, Hlíðum, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi voru með íslenskt ríkisfang. Svipaðar tölur sjást í Kópavogi þar sem 53% íbúa voru með íslenskt ríkisfang og þriðjungur með pólskt ríkisfang (sjá töflu 14).

Hlutfallslega fleiri þeirra sem lokið höfðu námi á háskólastigi voru með íslenskt ríkisfang, samanborið við þá sem höfðu minni menntun að baki. Nær allir öryrkjar í hópnum voru með íslenskt ríkisfang, eða 97% þeirra. Fjórðungur þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði voru með pólskt ríkisfang, en aðeins 4% þeirra sem bjuggu í félagslegu húsnæði. Umtalsverður hópur þeirra sem voru í hjónabandi var með erlent ríkisfang, eða rétt tæpur helmingur (sjá töflu 14).

**Tafla 14. Ríkisfang - bakgrunnsgreining**

	Íslenskt ríkisfang	Pólskt ríkisfang	Annað ríkisfang	Fjöldi
<b>Heild</b>	68%	20%	12%	2668
<b>Kyn ***</b>				
Karl	59%	27%	14%	1234
Kona	76%	15%	9%	1434
<b>Aldur ***</b>				
18-29 ára	62%	26%	13%	646
30-39 ára	61%	25%	14%	684
40-49 ára	70%	16%	14%	592
50-59 ára	74%	20%	7%	497
60-69 ára	87%	7%	7%	181
70 ára og eldri	97%	1%	1%	68
<b>Búseta ***</b>				
Háaleiti og Bústaðir	73%	17%	10%	182
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	59%	20%	21%	578
Breiðholt	72%	17%	11%	486
Árbær og Grafarholt	76%	17%	7%	163
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	83%	9%	9%	127
Kópavogur	53%	32%	14%	191
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	69%	20%	11%	225
Reykjanesbær	74%	22%	4%	582
Landsbyggð	73%	20%	8%	120

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Tafla 14, frh. Ríkisfang - bakgrunnsgreining

	Íslenskt ríkisfang	Pólskt ríkisfang	Annað ríkisfang	Fjöldi
<b>Menntun **</b>				
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	68%	19%	12%	2304
Nám á framhaldsskólastigi	68%	26%	6%	310
Nám á háskólastigi	76%	15%	9%	54
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>				
Á vinnumarkaði	75%	13%	12%	189
Útan vinnumarkaðar	68%	21%	11%	2479
<b>Skráður öryrki ***</b>				
Öryrki	97%	1%	2%	878
EKKI öryrki	54%	30%	16%	1790
<b>Húsnæði ***</b>				
Eigið húsnæði	90%	5%	6%	365
Leiguhúsnæði	63%	24%	13%	2123
Félagslegt húsnæði	87%	4%	10%	135
Annað	96%	2%	2%	45
<b>Hjúskaparstaða ***</b>				
Ógift/ókvæntur	92%	4%	4%	974
Gift/kvæntur	53%	31%	16%	526
Skilin/n	89%	5%	5%	641
Ekkja/ekkill	92%	4%	4%	72
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>				
Engin börn á heimili	68%	20%	12%	1631
Eitt barn	63%	26%	12%	492
Tvö börn	72%	18%	11%	336
Þrjú börn eða fleiri	81%	10%	9%	209

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Um 21% þeirra sem þáðu matarúthlutanir á tímabilinu bjuggu í Miðbæ, Hlíðum, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi, 20% í Breiðholti og 18% í Reykjanesbæ. Um 40% þeirra sem voru með erlent ríkisfang annað en pólskt bjuggu í Miðbæ, Hlíðum, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi. Þegar litið er til þeirra sem voru með íslenskt eða pólskt ríkisfang, bjó um fjórðungur þeirra í Reykjanesbæ. Þeir sem höfðu lokið námi á háskólastigi bjuggu frekar í Kópavogi og í Miðbæ, Hlíðum, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi, en síður í Árbæ og Grafarholti eða á landsbyggðinni. Af þeim sem voru á vinnumarkaði, bjuggu 25% í Reykjanesbæ og fimmtungur í Breiðholti, samanborið við 5% þeirra sem bjuggu í Háaleiti og Bústöðum. Fjórðungur þeirra sem voru í eigin húsnæði bjuggu í Reykjanesbæ, fimmtungur í Breiðholti og 16% í Miðbæ, Hlíðum, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi. Flestir þeirra sem voru með þrjú börn eða fleiri á á heimili sínu bjuggu í Reykjanesbæ (25%) og Breiðholti (20%) (sjá töflu 15).

**Tafla 15. Búseta-bakgrunnsgreining**

	Háaleiti og Bústaðir	Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	Breiðholt	Árbær og Grafarholt	Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	Kópavogur	Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	Reykjanesbær	Landsbyggð	Fjöldi
<b>Heild</b>	7%	21%	20%	6%	5%	8%	9%	18%	5%	3539
<b>Kyn ***</b>										
Karl	7%	27%	18%	6%	5%	9%	8%	16%	5%	1602
Kona	7%	17%	21%	7%	6%	8%	10%	18%	5%	1937
<b>Aldur ***</b>										
18-29 ára	6%	17%	18%	6%	7%	9%	11%	21%	5%	907
30-39 ára	8%	20%	21%	6%	4%	8%	9%	18%	6%	918
40-49 ára	6%	22%	18%	7%	6%	11%	10%	15%	5%	762
50-59 ára	8%	26%	20%	6%	5%	7%	7%	17%	4%	627
60-69 ára	8%	25%	19%	10%	6%	9%	4%	15%	4%	233
70 ára og eldri	13%	32%	18%	4%	2%	2%	5%	17%	5%	92
<b>Ríkisfang ***</b>										
Íslenskt	7%	19%	19%	7%	6%	6%	9%	23%	5%	1822
Pólskt	6%	22%	16%	5%	2%	12%	9%	24%	5%	529
Annað	6%	40%	17%	4%	4%	9%	8%	8%	3%	303
<b>Menntun ***</b>										
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	7%	20%	19%	6%	5%	8%	9%	20%	5%	3026
Nám á framhaldsskólastigi	8%	28%	22%	6%	8%	11%	9%	4%	3%	435
Nám á háskólastigi	4%	38%	12%	0%	8%	21%	13%	4%	1%	78

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Tafla 15, frh. Búseta-bakgrunnsgreining

	Háaleiti og Bústaði	Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	Breiðholt	Árbær og Grafarholt	Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	Kópavogur	Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	Reykjanesbær	Landsbyggð	Fjöldi
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>										
Á vinnumarkaði	5%	14%	20%	7%	6%	7%	11%	25%	7%	246
Utan vinnumarkaðar	7%	22%	20%	6%	5%	9%	9%	17%	5%	3293
<b>Skráður öryrki ***</b>										
Öryrki	8%	23%	22%	8%	7%	6%	8%	14%	6%	1163
Ekki öryrki	7%	21%	19%	6%	5%	10%	10%	19%	5%	2376
<b>Húsnæði ***</b>										
Eigið húsnæði	5%	16%	20%	4%	8%	7%	11%	23%	5%	512
Leiguhúsnæði	8%	23%	19%	6%	4%	9%	9%	17%	5%	2755
Félaglegt húsnæði	6%	22%	21%	7%	6%	9%	10%	13%	7%	176
Annað	7%	14%	36%	13%	14%	8%	3%	4%	1%	96
<b>Hjúskaparstaða ***</b>										
Ógift/ókvæntur	7%	20%	19%	7%	6%	7%	10%	17%	6%	1341
Gift/kvæntur	5%	16%	23%	5%	4%	10%	10%	22%	6%	688
Skilin/n	9%	20%	20%	8%	6%	7%	8%	17%	5%	830
Ekkja/ekkill	12%	16%	25%	7%	9%	3%	7%	17%	4%	92
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>										
Engin börn á heimili	8%	27%	17%	6%	5%	8%	8%	17%	5%	2142
Eitt barn	6%	15%	23%	8%	7%	8%	12%	17%	4%	673
Tvö börn	6%	12%	25%	6%	5%	11%	10%	17%	7%	459
Þrjú börn eða fleiri	7%	7%	20%	8%	8%	7%	11%	25%	7%	265

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

## Samsetning hópsins eftir menntun, stöðu á vinnumarkaði og örorku

Mikill meirihluti, eða 86%, höfðu lokið grunnskólaprófi eða minni menntun. Dreifing var nokkuð áþekkt þegar menntun var skoðuð eftir kyni, aldri og ríkisfangi. Það voru síst íbúar landsbyggðar og Reykjanesbæjar sem höfðu lokið námi umfram grunnskóla. Fleiri þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði höfðu lokið námi umfram grunnskóla (21%) heldur en þeir sem bjuggu í félagslegu húsnæði (9%). Þeir sem misst höfðu maka sinn voru síður með menntun umfram grunnskóla en aðrir (sjá töflu 16).

**Tafla 16. Menntun - bakgrunnsgreining**

	Grunnskólapróf eða minna	Nám á framhaldsskólastigi	Nám á háskólastigi	Fjöldi
<b>Heild</b>	86%	12%	2%	3562
<b>Kyn</b>				
Karl	85%	13%	2%	1619
Kona	86%	12%	3%	1943
<b>Aldur *</b>				
18-29 ára	86%	13%	1%	911
30-39 ára	84%	13%	3%	927
40-49 ára	85%	12%	3%	769
50-59 ára	85%	13%	2%	629
60-69 ára	90%	8%	3%	234
70 ára og eldri	95%	5%	0%	92
<b>Ríkisfang **</b>				
Íslenskt	86%	12%	2%	1824
Pólskt	84%	15%	1%	537
Annað	92%	6%	2%	307
<b>Búseta ***</b>				
Háaleiti og Bústaðir	85%	14%	1%	255
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	80%	16%	4%	756
Breiðholt	85%	14%	1%	691
Árbær og Grafarholt	88%	12%	0%	221
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	78%	19%	3%	189
Kópavogur	78%	17%	5%	298
Garðabær, Hafnarfjörður og Álfanes	85%	12%	3%	328
Reykjanesbær	97%	3%	0%	620
Landsbyggð	92%	8%	1%	181

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$



Tafla 16, frh. Menntun - bakgrunnsgreining

	Grunnskólapróf eða minna	Nám á framhaldsskólastigi	Nám á háskólastigi	Fjöldi
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>				
Á vinnumarkaði	88%	10%	2%	247
Utan vinnumarkaðar	85%	12%	2%	3315
<b>Skráður öryrki ***</b>				
Öryrki	87%	11%	2%	1167
Ekki öryrki	85%	13%	2%	2395
<b>Húsnæði ***</b>				
Eigið húsnæði	79%	17%	4%	513
Leigu húsnæði	86%	12%	2%	2774
Félagslegt húsnæði	90%	7%	2%	178
Annað	88%	11%	1%	97
<b>Hjúskaparstaða</b>				
Ógift/ókvæntur	85%	13%	2%	1346
Gift/kvæntur	85%	11%	3%	690
Skilin/n	86%	12%	2%	832
Ekkja/ekkill	93%	5%	1%	92
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>				
Engin börn á heimili	86%	12%	2%	2163
Eitt barn	84%	13%	3%	675
Tvö börn	83%	13%	4%	459
Þrjú börn eða fleiri	86%	12%	2%	265

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Mikill meirihluti hópsins var utan vinnumarkaðar, eða 93%. Ein af hverjum tíu konum var á vinnumarkaði og 4% karla. Hlutfall þeirra sem voru á vinnumarkaði fór lækkandi með hækkandi aldri. Hlutfallslega fleiri þeirra sem voru með börn á heimili sínu voru á vinnumarkaði, en 4% þeirra sem ekki voru með börn á heimili sínu sögðust vera á vinnumarkaði samanborið við 10% þeirra sem áttu eitt barn og 13% þeirra sem áttu tvö börn eða fleiri (sjá töflu 17).

**Tafla 17. Staða á vinnumarkaði – bakgrunnsgreining**

	Utan		
	Á vinnumarkaði	vinnumarkaðar	Fjöldi
<b>Heild</b>	7%	93%	3562
<b>Kyn ***</b>			
Karl	4%	96%	1619
Kona	10%	90%	1943
<b>Aldur ***</b>			
18-29 ára	9%	91%	911
30-39 ára	9%	91%	927
40-49 ára	8%	92%	769
50-59 ára	3%	97%	629
60-69 ára	2%	98%	234
70 ára og eldri	0%	100%	92
<b>Ríkisfang ***</b>			
Íslenskt	8%	92%	1824
Pólskt	5%	95%	537
Annað	7%	93%	307
<b>Búseta ***</b>			
Háaleiti og Bústaðir	5%	95%	255
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	5%	95%	756
Breiðholt	7%	93%	691
Árbær og Grafarholt	7%	93%	221
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	8%	92%	189
Kópavogur	6%	94%	298
Garðabær, Hafnarfjörður og Álfanes	8%	92%	328
Reykjanesbær	10%	90%	620
Landsbyggð	9%	91%	181

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Tafla 17, frh. Staða á vinnumarkaði - bakgrunnsgreining

	Utan		
	Á vinnumarkaði	vinnumarkaðar	Fjöldi
<b>Menntun</b>			
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	7%	93%	3047
Nám á framhaldsskólastigi	5%	95%	437
Nám á háskólastigi	8%	92%	78
<b>Skráður öryrki ***</b>			
Öryrki	0%	100%	1167
Ekki öryrki	10%	90%	2395
<b>Húsnæði *</b>			
Eigið húsnæði	10%	90%	513
Leiguhúsnæði	7%	93%	2774
Félagslegt húsnæði	4%	96%	178
Annað	4%	96%	97
<b>Hjúskaparstaða ***</b>			
Ógift/ókvæntur	7%	93%	1346
Gift/kvæntur	9%	91%	690
Skilin/n	6%	94%	832
Ekkja/ekkill	5%	95%	92
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>			
Engin börn á heimili	4%	96%	2163
Eitt barn	10%	90%	675
Tvö börn	13%	87%	459
Þrjú börn eða fleiri	14%	86%	265

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Þriðjungur hópsins var með skráða örorku og konur voru frekar öryrkjar en karlar (sjá töflu 18). Skýrt samband var milli aldurs og örorku, en hlutfallslega fleiri þeirra eldri voru öryrkjar. Aðeins 1% þeirra sem voru með pólskt ríkisfang og 7% þeirra sem voru með annað erlent ríkisfang voru skráðir öryrkjar, samanborið við 47% þeirra sem voru með íslenskt ríkisfang. Nokkur munur var á tíðni öryrkja eftir búsetu, en 40% af íbúum í Árbæ og Grafarholti og 41% þeirra sem voru búsettir í Grafarvogi, Mosfellsbæ og Kjalarnesi voru öryrkjar. Til samanburðar voru 24% þeirra sem bjuggu í Kópavogi skráðir öryrkjar og 26% þeirra sem voru búsettir í Reykjanesbæ. Um 43% þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði voru öryrkjar og 40% þeirra sem bjuggu í félagslegu húsnæði. Yfir helmingur þeirra sem bjó *annars staðar* voru öryrkjar. Umtalsvert færri þeirra sem voru í hjónabandi voru öryrkjar (23%), samanborið við þá sem voru fráskildir eða ekkjur/ekklar (56-60%).

**Tafla 18. Skráð örorka - bakgrunnsgreining**

	Öryrki	EKKI öryrki	Fjöldi
<b>Heild</b>	33%	67%	3562
<b>Kyn ***</b>			
Karl	27%	73%	1619
Kona	37%	63%	1943
<b>Aldur ***</b>			
18-29 ára	11%	89%	911
30-39 ára	25%	75%	927
40-49 ára	41%	59%	769
50-59 ára	53%	47%	629
60-69 ára	63%	37%	234
70 ára og eldri	45%	55%	92
<b>Ríkisfang ***</b>			
Íslenskt	47%	53%	1824
Pólskt	1%	99%	537
Annað	7%	93%	307
<b>Búseta ***</b>			
Háaleiti og Bústaðir	35%	65%	255
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seltjarnarnes	35%	65%	756
Breiðholt	36%	64%	691
Árbær og Grafarholt	40%	60%	221
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	41%	59%	189
Kópavogur	24%	76%	298
Garðabær, Hafnarfjörður og Álfanes	27%	73%	328
Reykjanesbær	26%	74%	620
Landsbyggð	35%	65%	181

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Tafla 18, frh. Skráð örorka-bakgrunnsgreining

	Öryrki	Ekki öryrki	Fjöldi
<b>Menntun</b>			
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	33%	67%	3047
Nám á framhaldsskólastigi	28%	72%	437
Nám á háskólastigi	33%	67%	78
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>			
Á vinnumarkaði	2%	98%	247
Utan vinnumarkaðar	35%	65%	3315
<b>Húsnæði *</b>			
Eigið húsnæði	43%	57%	513
Leiguhúsnæði	30%	70%	2774
Félagslegt húsnæði	40%	60%	178
Annað	53%	47%	97
<b>Hjúskaparstaða ***</b>			
Ógift/ókvæntur	35%	65%	1346
Gift/kvæntur	23%	77%	690
Skilin/n	56%	44%	832
Ekkja/ekkill	60%	40%	92
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>			
Engin börn á heimili	37%	63%	2163
Eitt barn	24%	76%	675
Tvö börn	27%	73%	459
Þrjú börn eða fleiri	32%	68%	265

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

## Samsetning hópsins eftir húsnæði og fjölskylduhögum

Flestir, eða 78%, bjuggu í leiguhúsnæði. Karlar bjuggu frekar í leiguhúsnæði (82%) heldur en konur (75%) og þeir sem voru eldri bjuggu frekar í eigin húsnæði heldur en þeir sem voru yngri. Fólk með íslenskt ríkisfang bjó frekar í eigin húsnæði en fólk með erlent ríkisfang. Þeir sem höfðu lokið hærra menntunarstigi og þeir sem voru á vinnumarkaði bjuggu frekar í eigin húsnæði. Þeir sem höfðu misst maka sinn voru hlutfallslega oftar í eigin húsnæði heldur en aðrir (sjá töflu 19).

**Tafla 19. Húsnæði – bakgrunnsgreining**

	Eigið húsnæði	Leiguhúsnæði	Félagslegt húsnæði	Annað	Fjöldi
<b>Heild</b>	14%	78%	5%	3%	3562
<b>Kyn ***</b>					
Karl	11%	82%	6%	1%	1619
Kona	17%	75%	4%	4%	1943
<b>Aldur ***</b>					
18-29 ára	6%	85%	6%	3%	911
30-39 ára	12%	83%	2%	3%	927
40-49 ára	16%	75%	6%	3%	769
50-59 ára	19%	72%	6%	3%	629
60-69 ára	26%	65%	6%	3%	234
70 ára og eldri	45%	48%	7%	1%	92
<b>Ríkisfang ***</b>					
Íslenskt	18%	73%	6%	2%	1824
Pólskt	3%	96%	1%	0%	537
Annað	7%	89%	4%	0%	307
<b>Búseta ***</b>					
Háaleiti og Bústaðir	11%	82%	4%	3%	255
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seljarnames	11%	83%	5%	2%	756
Breiðholt	15%	75%	5%	5%	691
Árbær og Grafarholt	9%	80%	5%	5%	221
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	23%	65%	5%	7%	189
Kópavogur	12%	81%	5%	3%	298
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	18%	76%	5%	1%	328
Reykjanesbær	19%	77%	4%	1%	620
Landsbyggð	15%	77%	7%	1%	181

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Tafla 19, frh. Húsnæði-bakgrunnsgreining

	Eigið húsnæði	Leiguhúsnæði	Félagslegt húsnæði	Annað	Fjöldi
<b>Menntun ***</b>					
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	13%	79%	5%	3%	3047
Nám á framhaldsskólastigi	20%	74%	3%	3%	437
Nám á háskólastigi	28%	65%	5%	1%	78
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>					
Á vinnumarkaði	20%	75%	3%	2%	247
Utan vinnumarkaðar	14%	78%	5%	3%	3315
<b>Skráður öryrki ***</b>					
Öryrki	19%	71%	6%	4%	1167
Ekki öryrki	12%	81%	4%	2%	2395
<b>Hjúskaparstaða ***</b>					
Ógift/ókvæntur	12%	77%	7%	4%	1346
Gift/kvæntur	23%	73%	3%	1%	690
Skilin/n	17%	73%	5%	4%	832
Ekkja/ekkill	36%	53%	9%	2%	92
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>					
Engin börn á heimili	13%	79%	6%	2%	2163
Eitt barn	12%	79%	4%	5%	675
Tvö börn	18%	77%	2%	3%	459
Þrjú börn eða fleiri	24%	70%	3%	2%	265

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Um 45% hópsins var ógift/ókvæntur, tæpur fjórðungur var í hjónabandi, 28% fraskilinn og 3% höfðu misst maka sinn. Hærra hlutfall þeirra sem voru með pólskt ríkisfang (67%) og annað erlent ríkisfang (52%) voru í hjónabandi, samanborið við þá sem voru með íslenskt ríkisfang (15%). Hlutfallslega fleiri þeirra sem voru með börn á heimili sínu voru í hjónabandi (sjá töflu 20). Eins og fyrr sagði flokkuðust þeir sem voru í skráðri sambúð með þeim sem höfðu ekki gengið í hjónaband og þeim sem voru einhleypir.

**Tafla 20. Hjúskaparstaða – bakgrunnsgreining**

	Ógift/ókvæntur	Gift/kvæntur	Skilin/n	Ekkja/ekkill	Fjöldi
<b>Heild</b>	45%	23%	28%	3%	2960
<b>Kyn ***</b>					
Karl	48%	26%	24%	2%	1177
Kona	44%	22%	31%	4%	1783
<b>Aldur ***</b>					
18-29 ára	76%	17%	6%	0%	750
30-39 ára	46%	32%	21%	1%	782
40-49 ára	38%	23%	38%	1%	627
50-59 ára	26%	21%	48%	5%	498
60-69 ára	16%	18%	56%	10%	213
70 ára og eldri	14%	21%	36%	29%	90
<b>Ríkisfang ***</b>					
Íslenskt	49%	15%	32%	4%	1808
Pólskt	17%	67%	14%	1%	243
Annað	25%	52%	21%	2%	162
<b>Búseta ***</b>					
Háaleiti og Bústaðir	43%	16%	35%	5%	210
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seljarnames	49%	19%	29%	3%	559
Breiðholt	43%	26%	28%	4%	612
Árbær og Grafarholt	48%	16%	33%	3%	200
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	50%	18%	27%	5%	169
Kópavogur	40%	32%	27%	1%	224
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	50%	24%	24%	2%	276
Reykjanesbær	43%	28%	26%	3%	538
Landsbyggð	47%	23%	28%	2%	163

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$



Tafla 20, frh. Hjúskaparstaða – bakgrunnsgreining

	Ógift/ókvæntur	Gift/kvæntur	Skilin/n	Ekkja/ekkill	Fjöldi
<b>Menntun</b>					
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	45%	23%	28%	3%	2539
Nám á framhaldsskólastigi	49%	22%	27%	1%	351
Nám á háskólastigi	41%	33%	24%	1%	70
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>					
Á vinnumarkaði	45%	28%	25%	2%	217
Útan vinnumarkaðar	46%	23%	28%	3%	2743
<b>Skráður öryrki ***</b>					
Öryrki	41%	14%	41%	5%	1153
Ekki öryrki	48%	29%	20%	2%	1807
<b>Húsnæði *</b>					
Eigið húsnæði	33%	32%	29%	7%	503
Leiguhúsnæði	47%	23%	28%	2%	2198
Félagslegt húsnæði	57%	11%	27%	5%	164
Annað	52%	8%	38%	2%	95
<b>Fjöldi barna á heimili***</b>					
Engin börn á heimili	50%	13%	33%	5%	1595
Eitt barn	48%	31%	21%	1%	650
Tvö börn	38%	38%	23%	1%	452
Þrjú börn eða fleiri	27%	44%	27%	2%	263

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Sex af hverjum tíu höfðu engin börn á heimili sínu. Flestir karla, eða 82% þeirra, voru ekki með börn á heimili sínu, samanborið við 43% kvenna. Þeir sem höfðu lokið námi á háskólastigi voru frekar með barn/börn á heimili sínu en þeir sem höfðu minni menntun að baki. Fleiri þeirra sem voru utan vinnumarkaðar og þeirra sem voru skráðir öryrkjar höfðu engin börn á heimili sínu. Þeir sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði voru frekar með börn á heimili sínu en aðrir (sjá töflu 21).

**Tafla 21. Fjöldi barna á heimili – bakgrunnsgreining**

	Engin börn á heimili			Þrjú börn eða fleiri		Fjöldi
	heimili	Eitt barn	Tvö börn	eða fleiri		
<b>Heild</b>	61%	19%	13%	7%	3562	
<b>Kyn ***</b>						
Karl	82%	9%	6%	3%	1619	
Kona	43%	28%	19%	11%	1943	
<b>Aldur ***</b>						
18-29 ára	54%	28%	12%	6%	911	
30-39 ára	40%	21%	23%	16%	927	
40-49 ára	59%	20%	15%	7%	769	
50-59 ára	84%	11%	4%	2%	629	
60-69 ára	97%	3%	0%	0%	234	
70 ára og eldri	100%	0%	0%	0%	92	
<b>Ríkisfang ***</b>						
Íslenskt	61%	17%	13%	9%	1824	
Pólskt	61%	24%	11%	4%	537	
Annað	64%	19%	12%	6%	307	
<b>Búseta***</b>						
Háaleiti og Bústaðir	66%	15%	11%	7%	255	
Miðbær, Hlíðar, Vesturbær og Seljarnames	77%	14%	7%	3%	756	
Breiðholt	53%	22%	17%	8%	691	
Árbær og Grafarholt	54%	25%	12%	10%	221	
Grafarvogur, Mosfellsbær og Kjalarnes	52%	24%	13%	11%	189	
Kópavogur	59%	18%	17%	6%	298	
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	53%	25%	13%	9%	328	
Reykjanesbær	58%	19%	13%	11%	620	
Landsbyggð	55%	15%	19%	10%	181	

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

**Tafla 21, frh. Fjöldi barna á heimili - bakgrunnsgreining**

	Engin börn á			Þrjú börn	
	heimili	Eitt barn	Tvö börn	eða fleiri	Fjöldi
<b>Menntun *</b>					
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	61%	19%	13%	7%	3047
Nám á framhaldsskólastigi	59%	20%	14%	8%	437
Nám á háskólastigi	45%	26%	24%	5%	78
<b>Staða á vinnumarkaði ***</b>					
Á vinnumarkaði	34%	28%	23%	15%	247
Utan vinnumarkaðar	63%	18%	12%	7%	3315
<b>Skráður öryrki ***</b>					
Öryrki	68%	14%	11%	7%	1167
Ekki öryrki	57%	22%	14%	7%	2395
<b>Húsnæði *</b>					
Eigið húsnæði	45%	26%	24%	5%	78
Leigu húsnæði	34%	28%	23%	15%	247
Félagslegt húsnæði	63%	18%	12%	7%	3315
Annað	68%	14%	11%	7%	1167
<b>Hjúskaparstaða ***</b>					
Ógift/ókvæntur	56%	16%	16%	12%	513
Gifti/kvæntur	61%	19%	13%	7%	2774
Skilin/n	75%	15%	5%	5%	178
Ekkja/ekkill	44%	34%	15%	6%	97

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$